

Akureyri, 4. apríl 2022.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs.  
Ráðhúsinu á Akureyri,  
Geislagötu 9  
600 Akureyri.

Kjörstjórnin á Akureyri hefur á fundi sínum ákveðið að gera eftirfarandi tillögur til bæjarráðs vegna komandi Sveitarstjórnarkosninga þann 14. maí n.k.


Að Akureyrarbæ verði skipt í tólf kjördeildir, tíu á Akureyri ein í Hrísey og ein í Grímsey. Þá er gerð tillaga um að á Akureyri verði kjörstaður í Verkmenntaskólanum á Akureyri, að í Hrísey verði kjörstaður í Hríseyjarskóla og að í Grímsey verði kjörstaður í Grímseyjarskóla. Lagt er til að tveir kjörklefar verði í hverri kjördeild á Akureyri, einn í Hrísey og Grímsey.

Þá hefur Kjörstjórn enn fremur ákveðið að leggja til við bæjarráð að kjörfundur standi frá klukkan 9:00 til klukkan 22:00 á Akureyri, Hrísey og Grímsey.

Óskar Kjörstjórn eftir því við bæjarráð að ofangreindar tillögur verði samþykktar.

(Utankjörfundaratkvæðagreiðsla skal hefjast eigi síðar en 29 dögum fyrir kjördag, sem í ár er 15. apríl og ber upp á föstudaginn langa, en Sýslumenn auglýsa nánar hvar og hvenær hún hefst.)

Virðingarfyllst,



Helga G. Eymundsdóttir,  
formaður kjörstjórnar